

Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar 2020

Foreldrakönnun 2020 kom mjög vel út en alltaf er rúm fyrir bætingar. Nokkrar ábendingar komu fram til foreldrum sem við höfum rætt á starfsfólksfundi og ræddar voru lausnir. Meðfylgjandi eru þau atriði sem foreldrar vildu sjá að betur væri staðið að og hvernig við sjáum fyrir okkur að bæta þessi atriði.

Meiri upplýsingar um hvað er gert á daginn

Allir kennarar skrifi á töflu fyrir framan kjarnann eða á hópatímablaðið (sem er hliðina á töflunni) hvað var gert í hópatíma dagsins, alla daga.

Upplýsingar um hvaða lota og lotulyklar eru hverju sinni

Stjórnendur skrifi frétt í upphafi hverrar lotu og setji á heimasíðuna. Þar komi fram um hvað lotan snýst og hverjir lotulyklarnir eru. Í upphafi hverrar lotu setja stjórnendur á Facebook síðu foreldrafélagsins nafn lotu og lotulykils.

Fleiri myndir á Karellen

Við erum alltaf í átaki að taka fleiri myndir en núna erum við með myndatalningu í hverjum mánuði fyrir hvert barn og kennarar fá aðgang að.

Skráning á matarvenjum og svefni

Sett var af stað áttak og ætlum að minna hvort annað á að setja inn upplýsingar á Karellen daglega.

Kennarar séu sýnilegri á morgnanna þegar börnin eru að mæta

Þetta var rætt á starfsfólksfundi og við vorum sammála að öll viljum við vera sýnileg þegar börnin eru að mæta og viljum að öllum börnum líði velkomin þegar þau mæta.

Upplýsingaflæði milli hópstjóra og skilastöðu sé meira um hvernig dagurinn hafi gengið

Samþykkt var á starfsfólksfundi að bæta upplýsingaflæði.